

Nd.

13. Frumvarp til laga

[13. mál]

um breyting á lögum nr. 32 2. nóv. 1914, um heimild fyrir stjórnarráðið til þess að veita mönnum rétt til þess að vera dómtúlkar og skjalapýðendur.

(Lagt fyrir Alþingi á 81. löggjafarþingi, 1960.)

1. gr.

Aftan við 2. gr. komi ný málsgrein, svofelld:
Heimilt er að synja manni um leyfi samkv. 1. gr., ef ákvæði 2. málsgreinar 68. gr. almennra hegningarlaga á við um hagi hans.

2. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. um breytingu á almennum hegningarlögum.

Í frv. þessu er fjallað um tiltekin sérhæfð réttindi. Þykir rétt að kveða svo á um þau, að heimilt sé að synja þeim manni um réttindi þessi, er hlotið hefur refsisdóm, ef hinn refsiverði verknaður þykir bera vott um verulega hættu á því, að maður muni misfara með réttindi. Verður stjórnvald að meta það hverju sinni, hver tengsl eru hér milli refsidóms, sem maður hefur sætt, og þeirra réttinda, sem hann sækir um. Hafa ber í huga í þessu sambandi, hve langt er umliðið síðan refsidómur gekk og hegðun manns upp frá því, og sömuleiðis ber að taka tillit til þess, hvort réttindi, er refsidómur lýtur að, hafa verið endurveitt í einhverri mynd.

Að öðru leyti þykir mega vísa til greinargerðar fyrir ofangreindu frv., einkum athugasemda við 6. gr. þess frv., sbr. þskj. 217, 1957.